



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 133. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 28. nóvember 2016 kl. 15:00 í Orkugarði

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (KVM), Hildigunnur Thorsteinsson (HT), Magnús Þór Jónsson (MPJ), Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK), Steinunn Hauksdóttir (SH) og Sigurður Markússon (SM)

Boðuð forföll: Claus Ballzus (CB)

Gestir fundar:

KVM setti fund 15:00.

Dagskrá fundar:

1. Síðasta fundargerð
2. Aðal- og vorfundur
3. Reikningar á fyrirtæki sem ekki hafa borgað í 3 ár.
4. Lög félagsins og samræmi við heiðursfélaga og tengiliður fyrirtækja (greiðir hann almenn félagsgjöld eða ekki)
5. Nýir aðildarfélagar
6. Fréttir af IGA
7. Önnur mál

1. Síðasta fundargerð

SNK lagði fram síðustu fundargerð stjórnar, sem samþykkt var einróma.

KVM lagði til dagskrárbreytingu, að mál 3 og 4 á dagskrá væru tekin fyrir hér og liður 2 færður niður dagskránnu. Það var einróma samþykkt.

2. Reikningar á fyrirtæki sem ekki hafa borgað í 3 ár

Umræða fór fram um þau 2 fyrirtæki sem ekki hafa borgað aðildargjöld undanfarin 3 ár. Jarðboranir hafa ekki greitt reikninga undanfarin 3 ár, þrátt fyrir ítrekaðar útsendingar reikninga og samskipti við fyrirtækið. Vegna þessa tók stjórn ákvörðun um að fella niður aðild Jarðborana.

Vatnsveita Hafnarfjarðar hefur ekki greitt aðildargjöldin, en mat stjórnar er að það sé vegna sérstakra aðstæðna, og samþykkti því að fella ekki niður aðild Vatnsveitu Hafnarfjarðar.

3. Lög félagsins og samræmi við heiðursfélaga og tengiliður fyrirtækja (greiðir hann almenn félagsgjöld eða ekki)

Umræða fór fram um fyrirkomulag inntöku heiðarsfélaga JHFÍ. Mat stjórnar var að ekki væri þörf á lagabreytingum, en ákveðið var að stefna að inntöku eins nýs heiðursfélaga á hverju ári. Ákveðið var að biðja gjaldkera stjórnar að fara yfir aðildarfélagar sem eru komnir á aldur og þá sem komast á aldur á næstu árum - en venjan hefur verið að heiðursfélagar komi úr þeirra hópi.

Umræða fór fram um tengiliði aðildarfyrirtækja Samorku, hvort þeir teljist vera einstaklingsaðilar og hvort þeir geti verið fulltrúar JHFÍ á öðrum vettvangi, t.d ráðum, nefndum og stjórnnum. Ákveðið var að stjórnarmeðlimir muni hvetja þá aðila sem eru tengiliðir aðildarfyrirtækja, en ekki einstaklingsfélagar, til þess að sækja um aðild að JHFÍ sem einstaklingar. Stjórn mun einnig leggja til við næsta aðalfund JHFÍ að lögum félagsins verði breytt á þann hátt að einstaklingar þurfi að vera aðildarfélagar að JHFÍ, til þess að vera fulltrúar í nafni JHFÍ í öllu ytra starfi.

4. Aðal- og vorfundur

Umræða fór fram um aðal- og vorfund JHFÍ 2017. Ákveðið var að halda fundinn síðustu vikuna í apríl og ætlar MPJ að skoða möguleikann á að fá sal fyrir fundinn í HÍ, og í tengslum við það, hvaða

dagsetning í þeirri viku myndi þá henta best. Ákveðið var að þema fundarins myndi snúast um nýja upplýsingatækni og jarðhitageirann, og að SM myndi koma með upplegg að frekari skipulagi fundarins og mögulegum erindum á honum.

5. Nýjir félagsmenn

Eftirfarandi aðilar voru einróma samþykktir sem nýir félagsmenn:

- Helen Haraldsdóttir
- Charles Lichoro
- Ásdís Gísladóttir

6. Fréttir af IGA

KVM fór yfir helstu mál í gangi á vettvangi IGA og umræða fór fram um málið.

7. Önnur mál

Ekki komu fram önnur mál

Fundi var slitið 16:00.

Sigurjón Norberg Kjærnested, ritaði fundargerð